

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 10. apríl 2024
UST202403-225/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Garðar og Reynisfjara - Mýrdalshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Garða og Reynisfjöru í Mýrdalshrepp.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka núverandi skipulagssvæði, bæta við bílastæði með jarðvegsmönnum norðan við núverandi bílastæði og gera göngustíg frá nýja bílastæðinu.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að svæðið sem tillagan nær til sé á náttúruminjaskrá og nefnist Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall og er númer 708 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: „Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, helliskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.“

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að fjalla um áhrif breytinganna á náttúruminjarnar í umhverfismatskýrslu.

Umhverfisstofnunar tekur undir að bílastæðin hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Því telur Umhverfisstofnun það jákvætt að hugað sé að mótvægisaðgerðum m.a. með gerð jarðvegsmána í kringum bílastæði með því að dempa áhrifin. Einnig bendir stofnunin að nýttur sé staðargróður og efni við gerð mananna. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að öll mannvirki og hönnun þeirra falli vel að landslagi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur